

## Smábátatrygging

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

**Efnisyfirlit**

---

1. gr.	Haffærisskírteini .....	3
2. gr.	Það sem vátryggingin nær til .....	3
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð .....	3
4. gr.	Vátryggingartímabil - Réttur til uppsagnar .....	3
5. gr.	Siglingarsvæði - breyting á rekstri .....	3
6. gr.	Það sem vátryggingin bætir .....	3
7. gr.	Bátur sama eiganda .....	4
8. gr.	Undanskildar áhættur .....	4
9. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	5
10. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns .....	5
11. gr.	Aukin áhætta .....	5
12. gr.	Varúðarreglur .....	5
13. gr.	Gáleysi - ásetningur .....	6
14. gr.	Eigin áhætta .....	6
15. gr.	Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila .....	6
16. gr.	Fjárhæð vátryggingabóta .....	6
17. gr.	Viðgerð .....	6
18. gr.	Endurkröfuréttur .....	6
19. gr.	Greiðsluskylda .....	6
20. gr.	Tímafrestrir - Fyrning .....	7
21. gr.	Endurgreiðsla iðgjalds .....	7
22. gr.	Eigandaskipti .....	7
23. gr.	Réttur veðhafa gagnvart félaginu .....	7
24. gr.	Reglur um samsömun .....	7
25. gr.	Ágreiningur .....	7
26. gr.	Heimili og varnarþing .....	7

## 1. gr. Haffærisskírteini

Það er skilyrði fyrir vátryggingu þessari, að báturinn hafi haffærisskírteini, skoðunarvottorð, mælibréf og fullnægi reglum Siglingastofnunar Íslands, sem í gildi eru á hverjum tíma um slíka báta.

## 2. gr. Það sem vátryggingin nær til

Vátryggingin nær til báts þess, sem greinir í skírteininu og fylgifyr hans. Til báts og fylgifyr teljast m.a. skrokkur, vél, gangskrúfa ásamt öxlum og gírnum, siglinga- og fjarskiptatæki, hvers kyns vindubúnaður og björgunarbátur ásamt varahlutum, enda séu munir þessir um borð í bátnum meðan hann er í notkun. Undir vátrygginguna falla ekki veiðarfæri, afli, bólfæri, fiskkassar, línur, belgir, baujur, vistir né farangur.

## 3. gr. Vátryggingarfjárhæð

- 3.1 Vátryggingarfjárhæð er tiltekin á vátryggingarskírteini.
- 3.2 Tjónsbætur samkvæmt þessari vátryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum bát eða hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
- 3.3 Sé bátur metin af Fjárhæðarnefnd fiskiskipa skal mat Fjárhæðarnefndar ákvarða vátryggingarfjárhæð.

## 4. gr. Vátryggingartímabil - Réttur til uppsagnar

- 4.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.
- 4.3 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.
- 4.4 Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

## 5. gr. Siglingarsvæði - breyting á rekstri

- 5.1 Vátryggingin gildir á meðan skip er í fiskveiðilandhelgi Íslands
- 5.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir útleigu og/eða fólks- eða vöruflutninga, nema með samþykki félagsins.

## 6. gr. Það sem vátryggingin bætir

- 6.1 Algert tjón í eftirfarandi tilvikum:
  - a. Báturinn ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga honum eða gera við hann.

- b. Báturinn verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann nemur hærrí fjárhæð en vátryggingarverðinu.
  - c. Báturinn týnist eða hverfur með þeim atvikum og ekki hefur spurst til skipsins í 90 daga.
- 6.2 Tjón á hinum vátryggða báti, sem beinlínis stafar af eldsvoða, sprengingu, strandi, óveðri (þ.e. vindhraði nær 11 vindstigum (28,5 m/sek) í a.m.k. 10 mínútur samfellt skv. mælingu Veðurstofu Íslands), brotsjó, ásiglingu á mannvirki eða rekald þar með talinn ís eða af árekstri við annað fljótandi far, enda sé a.m.k. annað farið undir siglingastjórn.
  - 6.3 Tjón sem stafar af því að báturinn hefur slitnað frá eða sekkur við bólvirki, bólfestu eða bryggju sem félagið og vátryggingartaki hafa komið sér saman um. Þó eru undanskilin tjón skv. grein 8.9.
  - 6.4 Tjón sem stafar af innbroti eða skemmdarverkum. Skilyrði er að siglingatæki fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður sé tekinn úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn til lengri tíma.
  - 6.5 Kostnaður við björgun og aðrar ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. 38. gr. laga nr. 30/2004.
  - 6.6 Tjón á bátnum sem verður við sjósetningu eða upptöku, vegna skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis.  
Félagið áskilur sér rétt til að taka viðaukagjald vegna flutninga milli landshluta, svo og sé báturinn fluttur með skipi.
  - 6.7 Tjón af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða eða aurskriða.
  - 6.8 Tjón á bol úr trefjaplasi eða plastefnum er bætt samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Það telst fullnaðarviðgerð þó um útlitsgalla sé að ræða.
  - 6.9 Meðan báturinn er í sátri bætast eingöngu tjón af völdum eldsvoða, óveðurs, snjóflóða, aurskriða, eldgosa, jarðskjálfta, innbrota og skemmdarverka. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 11 vindstigum (28,5 m/sek) í a.m.k. 10 mínútur samfellt skv. mælingu Veðurstofu Íslands. Séu veðurmælingar ekki fyrir hendi ef óveðurstjón verður, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónsstað.
  - 6.10 Skaðabótaskylda eiganda, samkvæmt íslenskum siglingalögum, sem er bein afleiðing tjóns, sem báturinn hefur valdið með siglingu sinni, hvort sem um er að ræða tjón á munum eða meiðsl á fólki. Aldrei greiðist hærrí fjárhæð en sem nemur takmarkaðri ábyrgð útgerðarmanns skv. siglingalögum eða Brussel samþykktinni frá 1957.
  - 6.11 Kostnaður við að fjarlægja flak bátsins.
  - 6.12 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 6.10 og 6.11 vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3.mgr. 177. gr. siglingalaga nr.34/1985.

## 7. gr. Bátur sama eiganda

- 7.1 Nú rekst vátryggður bátur á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 7.2 Þegar svo stendur á, skulu vátryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað, að dómstjórinn í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstólanna.

## 8. gr. Undanskildar áhættur

- 8.1 Skaðabótakrafa frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem báturinn flytur.
- 8.2 Tjón á vélum, skrufubúnaði, rafkerfi, siglinga- og fjarskiptatækjum, fiskleitartækjum, og öðrum búnaði, bætist ekki nema tjónið verði rakið til bótaskyldra orsaka samkvæmt grein 6.
- 8.3 Tjón sem verður á mastri, reiða og seglum í skipulögðum kappsiglingum.

- 8.4 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla.
- 8.5 Tjón sem verða vegna þess að báturinn er útbúinn svokölluðu „blautpústi“ þ.e. útblástur vélarinnar er tengdur sjókælingu.
- 8.6 Tjón sem stafar af því að báturinn var óhaffær, er hann lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúinn eða var ekki tryggilega hlaðinn.
- 8.7 Tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- 8.8 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnaður vegna tafa.
- 8.9 Tjón sem verður af samslætti við báta, skip eða bryggju nema um beina ásiglingu sé að ræða.
- 8.10 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

## 9. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 9.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 9.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 9.3 Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 7. gr. skilmála þessara.

## 10. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

- 10.1 Þegar tjón er orðið, skal vátryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til verði gerð á hendur honum.
- 10.2 Ef tjón hefur gerst eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber vátryggingartaka að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 10.3 Vátryggingartaki skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 10.4 Viðurkenning á bótaskyldu eða samningar um bótakröfur að hálfu vátryggðs skuldbinda ekki félagið.

## 11. gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð vátryggðs skips. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 12. gr. Varúðarreglur

- 12.1 Þegar bátur er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum hans. Þegar bátur er á landi eða í höfn til lengri tíma skal fjarlægja allan lausan búnað, þar með taldar handfærarúllur og geyma sérstaklega, sbr. grein 7.4.
- 12.2 Vátryggðum ber jafnframt að hafa reglubundið eftirlit með bátnum.

- 12.3 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

### 13. gr. Gáleysi - ásetningur

- 13.1 Ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 13.2 Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

### 14. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni, öðru en altjóni, ber váttryggður í eigin áhættu þá fjárhæð er kemur fram í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 15. gr. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila

Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði, sem váttryggingin nær til, á félagið rétt til að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi váttryggður í veg fyrir, að félagið geti fjallað um slík mál og tjón verður hærra af þeim sökum, er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

### 16. gr. Fjárhæð váttryggingabóta - Vísitala

- 16.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ef báturinn sekkur eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga honum eða gera við hann og kostnaður við að bjarga honum og gera við hann er hærri en váttryggingarfjárhæðin.
- 16.2 Skemmdir á bátnum bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað, sem fallið hefur á váttryggðan.
- 16.3 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á bátnum ef hann ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 16.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði bátsins áskilur félagið sér rétt til að lækka bætur um 5% fyrir hvert ár frá smíði vélar, tækis eða vélbúnaðar.
- 16.5 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast því þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

### 17. gr. Viðgerð

- 17.1 Váttryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum, sem váttryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskylt að greiða kostnaðarauka, sem af því leiðir.
- 17.2 Váttryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á bátnum, nema félagið fari fram á annað.

### 18. gr. Endurkröfuréttur

Bæti félagið tjón, sem þriðji aðili ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

### 19. gr. Greiðsluskylda

Váttryggðum ber að sýna fram á að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og ber einnig sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 20. gr. Tímafrestir - Fyrning

20.1 Vátryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Krafa vátryggingartaka um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

20.2 Kröfur vátryggðs á hendur félaginu fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er hann fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

20.3 Kröfur um endurgreiðslu iðgjalds fyrnast þó á 2 árum frá lokum vátryggingartímabils.

## 21. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

21.1 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi.

21.2 Iðgjald er þó ekki endurgreitt þegar skipið verður fyrir algeru tjóni á vátryggingartímabilinu og félagið hefur greitt bætur vegna altjóns.

21.3 Engin endurgreiðsla er vegna hafnarlegu.

## 22. gr. Eigandaskipti

Ef eigandaskipti verða að bátnum eða hann er settur undir aðra útgerðarstjórn, fellur vátryggingin úr gildi.

## 23. gr. Réttur veðhafa gagnvart félaginu

Nú eru hinir vátryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.

## 24. gr. Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 25. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningu um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 26. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna skirteinis eða skilmála þessara, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. janúar 2013.**

[Efst á skjal](#)